# SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir sjálfseignarstofnunina Réttarholt.**

1. gr.

Stofnunin heitir Réttarholt.
Heimili og varnarþing stofnunarinnar er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur eru eftirtaldir einstaklingar í Reykjavík.

| Nöfn: | Heimili: |
|---|---|
| Anna A. Axelsdóttir | Rauðalæk 40, R. |
| Anna Þórhallsdóttir | Vífilsgötu 17, R. |
| Arndís Sigr. Halldórsdóttir | Engjaseli 65, R. |
| Arnfríður Vilhjálmsdóttir | Hólmgarði 56, R. |
| Auður Matthíasdóttir | Dalalandi 5, R. |
| Ágúst F. Jósefsson | Haðalandi 19, R. |
| Ágústa Ahrens | Barmahlíð 19, R. |
| Árni Þ. Kristjánsson | Bjarmalandi 1, R. |
| Árný Valgerður Ingólfsdóttir | Hraunbæ 2, R. |
| Ásbjörn Björnsson | Grundargerði 20, R. |
| Ásfríður Gísladóttir | Ásgarði 107, R. |
| Ásgeir Ármannsson | Ásgarði 63, R. |
| Áslaug Gísladóttir | Háagerð 12, R. |
| Ásta Pétursdóttir | Amtmannsstíg 5, R. |
| Ásta Björg Ólafsdóttir | Huldulandi 5, R. |
| Berta G. Hall | Réttarholtsvegi 29, R. |
| Björg Jakobsdóttir | Byggðarenda 13, R. |
| Björn Ófeigsson | Brekkugerði 7, R. |
| Dagmar Gunnlaugsdóttir | Tunguvegi 34, R. |
| Daníel Bergmann | Langagerði 82, R. |
| Ebba G. B. Sigurðardóttir | Hlíðargerði 17, R. |
| Eggert Benónýsson | Ljósalandi 16, R. |
| Elín Ó. Þorvaldsdóttir | Haðalandi 19, R. |
| Erla Magnúsdóttir | Marklandi 12, R. |
| Erlendur Björnsson | Logalandi 12, R. |
| Eva M. Magnúsdóttir | Sogavegi 105, R. |
| Eygló S. Stefánsdóttir | Melgerði 10, R. |
| Fanney Oddsdóttir | Hlíðargerði 18, R. |
| Finnur Richter | Bústaðavegi 79, R. |
| Friðþjófur Pétursson | Huldulandi 1, R. |
| Grétar E. Ingvason | Hlíðargerði 13, R. |
| Guðbjörg Snót Jónsdóttir | Ásenda 14, R. |
| Guðbjörn Guðlaugsson | Bjarmalandi 5, R. |
| Guðbjörn Guðjónsson | Sogavegi 220, R. |
| Guðmundur Hansson | Hæðargarði 2, R. |
| Guðmundur Jónsson | Austurgerði 10, R. |
| Guðmundur Magnússon | Sogavegi 105, R. |

| Nöfn: | Heimili: |
|---|---|
| Guðrún Guðmundsdóttir | Melgerði 21, R. |
| Gunnar R. Gunnarsson | Litlagerði 8, R. |
| Gunnar Daníelsson | Hlíðargerði 18, R. |
| Gunnar M. Sandholt | Hólmgarði 50, R. |
| Gunnlaug Hannesdóttir | Hörðalandi 6, R. |
| Gyða Gunnarsdóttir | Snælandi 2, R. |
| Halldóra Kristjánsdóttir | Akurgerði 3, R. |
| Hallveig Björnsdóttir | Mosgerði 18, R. |
| Hanna Á. Ágústsdóttir | Melgerði 22, R. |
| Hannes Guðjónsson | Norðurbrún 1, R. |
| Haraldur Hannesson | Bakkagerði 2, R. |
| Helga Ívarsdóttir | Logalandi 12, R. |
| Helga Þorsteinsdóttir | Markarvegi 2, R. |
| Helga Pétursdóttir | Hólmgarði 32, R. |
| Helgi Þorláksson | Akurgerði 64, R. |
| Inga Ingólfsdóttir | Dalalandi 2, R. |
| Ingibjörg Rafnar | Brúnalandi 3, R. |
| Ingibjörg Kristjánsdóttir | Akurgerði 3, R. |
| Ingibjörg Björnsdóttir | Hólmgarði 4, R. |
| Jóhann Þórhallsdóttir | Langagerði 70, R. |
| Jóhanna Cortes | Snælandi 2, R. |
| Jón J. Ólafsson | Dalalandi 2, R. |
| Jón Sigurðsson | Byggðarenda 19, R. |
| Jón Sigurðsson | Garðsenda 3, R. |
| Jón Friðriksson | Ásgarði 73, R. |
| Jónmundur Ólafsson | Melgerði 7, R. |
| Karl Ormsson | Huldulandi 5, R. |
| Ketill Berg Björnsson | Langagerði 108, R. |
| Kristbjörg Jensen | Grundargerði 27, R. |
| Kristbjörg Þ. Bergmann | Langagerð 82, R. |
| Kristinn Ágúst Guðjónsson | Langagerði 28, R. |
| Kristinn Guðmundsson | Langagerði 74, R. |
| Kristín Fjóla Þorbergsdóttir | Hólmgarði 30, R. |
| Kristín G. H. Sveinbjörnsdóttir | Rauðagerði 57, R. |
| Lára Herbjörnsdóttir | Ásgarði 63, R. |
| Magnea Finnbogadóttir | Langagerði 50, R. |
| Magnús Þorvaldsson | Teigagerði 8, R. |
| Magnús Guðnason | Langagerði 100, R. |
| Magnús G. Jensson | Rauðagerði 57, R. |
| Olgeir Möller | Mosgerði 25, R. |
| Ottó A. Michelsen | Litlagerði 12, R. |
| Ólafía Pálsdóttir | Langagerði 74, R. |
| Ólafur Skúlason | Hlíðargerði 17, R. |
| Ólafur Jensen | Grundargerði 27, R. |
| Ólafur Benediktsson | Gautlandi 7, R. |
| Ólöf Sylveríusdóttir | Litlagerði 8, R. |
| Óskar Magnússon | Engjaseli 65, R. |

| Nöfn: | Heimili: |
|---|---|
| Pála E. Michelsen | Hátúni 10, R. |
| Páll Gíslason | Huldulandi 8, R. |
| Sigríður Axelsdóttir | Hæðargarði 2, R. |
| Sigríður Siggeirsdóttir | Teigagerði 8, R. |
| Sigurgeir Benediktsson | Hæðargarði 36, R. |
| Sigurjóna Jóhannsdóttir | Norðurbrún 1, R. |
| Soffía Smith | Tunguvegi 30, R. |
| Soffía Jónsdóttir | Huldulandi 1, R. |
| Steinunn Egilsdóttir | Kjalarlandi 15, R. |
| Svavar F. Kjærnested | Langholtsvegi 61, R. |
| Sveinn Guðmundsson | Sogavegi 190, R. |
| Viktoría Guðmundsdóttir | Hátúni 10, R. |
| Vilborg L. Dýrset | Hólmgarði 28, R. |
| Þorvaldur Steingrímsson | Snælandi 2, R. |
| Þorvaldur Í. Helgason | Ásgarði 107, R. |
| Þórður Jónsson | Hólmgarði 60, R. |
| Þórhallur Sveinsson | Melgerði 10, R. |
| Þórhallur Stefánsson | Akurgerði 48, R. |

3. gr.

Markmið stofnunarinnar er:

1) Að auka félagslega og heilsufarslega velferð aldraðra.
2) Að samþætta mismunandi og mismikla heimaþjónustu fyrir aldraða.
3) Að beita sér fyrir bættri aðstöðu til að skipuleggja og sjá um heimaþjónustu.
4) Að styðja aldraða og heimili þeirra, til þess að þeir geti sem lengst búið á eigin heimilum.

Til þess að ofangreindum markmiðum verði náð skal stofnunin gangast fyrir byggingum og rekstri heimaþjónustumiðstöðvar, dagvistunar og íbúðarkjarna fyrir aldraða við Sogaveg í Reykjavík.

4. gr.

Eignir stofnunarinnar eru framlög stofnenda í peningum og stofnfjárloforðum, sem er stofnfé stofnunarinnar, samtals kr. 400 000 og ennfremur þær eignir sem stofnunin síðar kann að eignast fyrir framlög, gjafir og styrktarfé eða á annan hátt.

Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjálfseignarstofnunarinnar aðrar en vegna stofnfjárloforða samkvæmt framangreindu.

Stofnfé stofnunarinnar má ekki skerða.

5. gr

Ekki má selja eða láta af hendi stofnunina eða eignir hennar fastar eða lausar nema andvirðinu sé beinlínis varið í samræmi við tilgang hennar samkvæmt 3. gr. Eigi má heldur binda fé hennar eða eignir nokkrum veðböndum eða skuldbindingum, sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

6. gr.

Sjálfseignarstofnuninni stjórnar 15 manna fulltrúaráð kosið af stofnendum á stofnfundi. Falli fulltrúaráðsmaður frá eða hverfi úr ráðinu af öðrum ástæðum tilnefnir fulltrúaráðið fulltrúa í hans stað úr hópi stofnenda.

Fulltrúaráðið skal kvatt saman minnst tvisvar á ári.

7. gr.

Fulltrúaráð stofnunarinnar kýs úr sínum hópi 5 menn í stjórn stofnunarinnar og 3 til vara. Kjörtímabil stjórnarmanna er 4 ár. Kjósa skal formann sérstaklega en meðstjórnendur og varamenn saman. Formaður stjórnar er jafnframt formaður fulltrúaráðs og kveður það saman.

8. gr.

Stjórnin skiptir með sér störfum. Hún fer með fjármál og framkvæmdir og ræður starfsfólk. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra telji hún þess þörf. Framkvæmdastjóri skal annast daglegan rekstur stofnunarinnar.

Stjórnin getur skipað nefndir (s.s. byggingarnefnd) til að vinna að sérstökum verkefnum. Stjórn stofnunarinnar ber ábyrgð á störfum nefnda sem hún skipar.

Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum stjórnar. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns.

Stjórn stofnunarinnar gefur fulltrúaráði skýrslu um hag stofnunarinnar og rekstur á liðnu starfsári.

Stjórnin skal sjá um að gerður sé reikningur yfir rekstur og efnahag stofnunarinnar. Reikningsárið skal vera almanaksárið. Reikningurinn skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda sem stjórnin ræður til starfans. Jafnframt kýs stjórnin tvo endurskoðendur og tvo til vara úr hópi stofnenda til tveggja ára.

Stjórnin skal leggja árlega fjárhagsáætlun og endurskoðaðan ársreikning fyrir fulltrúaráð stofnunarinnar til staðfestingar og samþykktar. Ársreikninginn skal birta í opinberu blaði.

9. gr.

Peningar þeir, sem stofnunin kann að eiga eða eignast, skulu jafnóðum ávaxtaðir í bönkum, sparisjóðum eða ríkistryggðum skuldabréfum. Verði einhver dráttur á framkvæmdum skal verðtryggja sjóði stofnunarinnar eftir því sem unnt er.

10. gr.

Íbúðir byggðar á vegum stofnunarinnar skulu vera sjálfseignaríbúðir. Hlutgengir eigendur/notendur eru aldraðir 60 ára eða eldri.

Í afsali til kaupenda skal tekið fram, að eignin sé bundin kvöðum um ráðsatöfun og sölu.

11. gr.

Ákvörðun um að hætta rekstri stofnunarinnar svo og ákvarðanir skv. 5. gr. skal samþykkt af ⅔ hluta allra fulltrúaráðsmanna.

Verði rekstri hætt skulu allar eignir stofnunarinnar renna til Reykjavíkurborgar til styrktar bættri þjónustu við aldraða í Reykjavík.

12. gr.

Skipulagsskrá þessari er ekki hægt að breyta nema ⅔ allra fulltrúaráðsmanna samþykki. Breytingar skulu ennfremur samþykktar af dómsmálaráðuneytinu.

13. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. kýs stofnfundur fyrstu stjórn sjálfseignarstofnunarinnar til fjögurra ára. Stjórnarmenn eru sjálfkjörnir í fulltrúaráð stofnunarinnar.

Skipulagsskrá þessi er samkvæmt samþykkt á stofnfundi 10. maí 1988 ásamt síðari breytingum.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dómsmálaráðuneytið, 30. mars 1992.*

F. h. r.
**Þorsteinn Geirsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

Nr. 128 6. apríl 1992

# GJALDSKRÁ

**um sorphirðu fyrir Ísafjörð árið 1992.**

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1992, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A. **Íbúðir.**
Sorphirðugjald kr. 5 000,00 á íbúð.

B. **Fyrirtæki og stofnanir.**
Sorðeyðingargjald miðast við fasteignamat:

| | |
|---|---|
| Fasteignamat undir 5 millj. kr. | kr. 2 000,00 |
| Fasteignamat á milli 5 millj. og 10 millj. kr. | kr. 7 000,00 |
| Fasteignamat 10 millj. kr. eða meira | kr. 12 000,00 |

Ef óskað er eftir að húsasorp verði hreinsað skal greiða kr. 3 000,00 fyrir hvert ílát.

3. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðar er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1992.

*Umhverfisráðuneytið, 6. apríl 1992.*

F. h. r.
**Páll Líndal.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*